

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2004, þriðjudaginn 10. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 12:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Helga Jónsdóttir borgaritari í Reykjavík, Jón Pálmi Pálsson bæjaritari Akranesi, Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri Borgarbyggð, Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri Borgarfjarðarsveit, Guðmundur Þóroddsson forstjóri, Ásgeir Margeirsson aðstoðarforstjóri, Hjörleifur B. Kvaran, Birgir Finnbogason og Ólafur Jónsson.

1. Stjórnarformaður setti fund og stakk upp á Hjörleifi B. Kvaran sem fundarstjóra. Samþykkt.
2. Lagt fram umboð til Jóns Pálma Pálssonar til að fara með atkvæði Akraneskaupstaðar á fundinum
3. Lagt fram umboð til Helgu Jónsdóttur til að fara með atkvæði Reykjavíkurborgar á fundinum.
4. Hjörleifur B. Kvaran kannaði lögmati fundarins og lýsti yfir að öllum fundaskilyrðum væri fullnægt.
5. Lögð fram ársskýrsla Orkuveitunnar fyrir árið 2003. Forstjóri gerði grein fyrir starfseminni á síðasta ári. Ennfremur var lögð fram umhverfisskýrsla fyrir árið 2003.
6. Birgir Finnbogason endurskoðandi gerði grein fyrir ársreikningi Orkuveitunnar fyrir liðið starfsár.
7. Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársskýrslu og reikninga og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.
8. Lögð fram tillaga um arðgreiðslu til eigenda og meðferð hagnaðar eða taps svo hljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 10. júní 2004 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1441 milljónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2004 á vormánuðum 2005.

Samþykkt er að hagnaði verði bætt við óráðstafað eigið fé.

Tillagan samþykkt.

9. Lögð fram tillaga um þóknun til stjórnamanna svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 10. júní 2004 ákveður að stjórnarlaun ársins 2003 verði 74.000 kr á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði 20.800 kr á fund.

Aðalfundur heimilar að greitt verði inn á stjórnarlaun fram að næsta aðalfundi.

Samþykkt.

10. Lýst kjöri stjórnar:

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 3. þ.m. voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs.

Alfreð Þorsteinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Tryggvi Friðjónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Til vara: Valur Sigurbergsson, Stefán Jón Hafstein, Óskar Dýrmundur Ólafsson, Kristján Guðmundsson og Gísli Marteinn Baldursson.

Formaður stjórnar var kjörinn Alfreð Þorsteinsson og varaformaður Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Á fundi bæjarráðs Akraness þann 27. maí 2004 var Guðmundur Páll Jónsson kosinn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Varamaður var kosinn Ágústa Friðriksdóttir.

11. Lögð fram svohljóðandi tillaga varðandi endurskoðanda Orkuveitunnar:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 10. júní 2004 samþykkir að Delottie h.f. endurskoðunarfyrtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt.

12. Formaður stjórnar fór nokkrum orðum um Orkuveituna og þakkaði fundarmönnum fundarsetuna.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 13:20

Helga Jónsdóttir
Linda Björk Pálsdóttir

Jón Pálmi Pálsson
Páll S. Brynjarsson